

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður mánudaginn **26. október kl. 17** að Háaleitisbraut 58-60.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekju flytur séra Pétur Þorsteinsson.
Súpa, brauð og samfélag í lok fundar.
Félagsfólk er hvatt til að fjölmenna á aðalfundinn.

Félagsfundir KFH veturinn 2015-2016

í Kristniboðssalnum Háaleitisbraut 58-60, kl. 17.00.

Súpa, brauð og samfélag í lok funda.

Mánudagur 26. október. Aðalfundur. Venjuleg aðalfundarstörf.
Hugvekju flytur sr. Pétur Þorsteinsson.

Mánudagur 30. nóvember. Biblían sem andleg næring. Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni og framkvæmdastjóri Hins íslenska Biblíufélags hefur umsjón með efni fundarins en Biblíufélagið fagnar 200 ára afmæli á þessu ári.

Mánudagur 25. janúar. Kristileg núvitund/árvekni. Laura Sch. Thorsteinsson, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu kynnis og gefur innsýn í efnið. Gleðisveitin leikur og syngur.

Mánudagur 29. febrúar. Kyrrðarbæn – Centering Prayer. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur fjallar um kristna íhugun, kyrrðarbæn og iðkun hennar.

Mánudagur 21. mars. Kyrrðarstarf í Skálholti fyrr og nú. Sr. Halldór Reynisson, verkefnisstjóri á Fræðslusviði Biskupsstofu greinir frá þessu merka starfi í Skálholti og ræðir um framtíðarsýn í kyrrðarstarfi.

Mánudagur 25. apríl. Pílagrímar. K. Hulda Guðmundsdóttir, formaður Nýrrar Dögunar og meðlimur í félaginu Pílagrímar segir frá pílagrímagöngum og pílagrímaguðfræði.

Fjölmennum á félagsfundum

Stjórn KFH hvetur félagsfólk til að sækja félagsfundum og bjóða með sér gestum. Félagsfundirnir kynna og gefa innsýn í vandað og áhugavert efni og eru hluti af því að efla vináttu og samkennd meðal félagsfólks. Um leið veita félagsfundirnir andlega næringu og trúarlega styrkingu.

Kristilegt félag heilbrigðisstétta



Fréttir

Október 2015

Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.
Sálm. 119, v. 105*

Nýr bænabæklingur afhentur

Á aðalfundi verður kynntur og afhentur nýr fallegur bænabæklingur, unninn af Karli Sigurbjörnssyni, biskupi og Kristjáni Frímanni Kristjánssyni, myndlistarmanni.

Eins og félagsmönnum er eflaust kunnugt nýtur KFH mikillar velvildar sr. Péturs Þorsteinssonar sem birtist m.a. í rausnarlegum gjöfum til félagsins.

Bænabæklingurinn er einn afrakstur þeirrar velvildar. Jón Jóhannsson, djákni og stjórnarmeðlimur í stjórn KFH hafði umsjón með verkefninu.

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem komu að gerð bænabæklingins og væntir þess að bæklingurinn verði þeim sem njóta til blessunar.

Óskað eftir sjálfbóðaliðum

Stjórn félagsins óskar eftir sjálfbóðaliðum til að taka að sér verkefni fyrir hönd félagsins á ýmsum sviðum, svo sem hvað varðar alþjóðlegt samstarf, aðstoð við félagsfundi, bænastarf, vinnu við Tímarit félagsins o.fl.

Áhugasamir hafi samband við stjórn félagsins.

Hefur þú hug á að styrkja starf KFH

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Leggja má bein framlög inn á Styrktarsjóðinn. Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kennitala: 6602820769. Vinsamlega skráið „almennur styrkur“ í skýring greiðslu.

Frá formanni

Kæru félagssystkin.

Þá er enn eitt starfsárið í Kristilegu félagi heilbrigðisstétta að hefjast. Það er alltaf jafn ánægjulegt að hefja vetrarstarfið og kynna félagsfundi starfsársins fyrir ykkur félagsfólki. Að þessu sinni er ætlunin að beina sjónum sérstaklega að andlegri uppbyggingu og næringu. Við þurfum öll á því að halda í dagsins önn að taka frá stundir þar sem við einbeitum okkur að því að næra sálina og að hlúa að andlegum og trúarlegum þörfum okkar.

Félagsfundir starfsársins kynna ýmsar leiðir í þeim efnum og munu sérfræðingar á sviði kristinnar núvitundar/árvekni, kristinnar íhugunar, kyrrðarstarfs og píligrímaferða vera með umfjöllun og kynna fyrir okkur það fjölbreytta starf sem í boði er. Enn fremur munum við í tilefni af 200 ára afmæli Hins íslenska Biblíufélags fá umfjöllun um Biblíuna og hvernig við sækjum okkur andlega næringu og trúarstyrkingu í orð og boðskap hennar.

Guðspjöllin greina iðulega frá því hvernig Jesús sótti sér andlega næringu, með því að biðja, taka sér hlé frá amstri daganna og dvelja í næði þar sem hann safnaði kröftum. Með því gefur Jesús okkur fordæmi fyrir mikilvægi þess að taka sér stund og hlaða batteríin þannig að við getum sinnt þeim lífsverkefnum sem blasa við okkur hverju og einu.

Stjórnin hlakkar til samverustunda með ykkur í vetur og biður ykkur allrar Guðs blessunar.

Með góðum kveðjum fyrir hönd stjórnar KFH,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður